og var óheimilt samkvæmt henni, að þeir Ósvaldur og Ludvig ynnu báðir samtímis í háskólabyggingunni hjá sama verkkaupa. Í flutningi málsins deildu aðiljar um það, hvort verkkaupar væru einn eða fleiri, að því er haustvinnuna varðar, en í munnlegum flutningi málsins verða þeir loks ásáttir um það, að verkkaupi hefði raunverulega aðeins verið einn. Telja verður sannað, að þeir Ósvaldur og Ludvig hafi unnið samtímis í nefndri byggingu. Var það brot á 13. gr. oftnefnds samnings milli aðilja máls þessa, er nú er í gildi, og ber því að taka kröfu stefnanda að þessu leyti til greina.

Eftir atvikum þykir rétt að láta málskostnað falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Samkvæmt 13. gr. kjarasamnings þess milli aðilja máls þessa, er gildir frá 1. maí 1940, er óheimilt að fleiri en einn málarameistari vinni samtímis í sömu byggingu hjá sama verkkaupa, nema um skrásett firma málarameistara sé að ræða, enda séu ekki fleiri en 2 meistarar saman um firmað. Það var því brot á nefndri grein, að málarameistararnir Ósvaldur Knudsen og Ludvig Einarsson unnu samtímis í háskólabyggingunni í síðastliðnum októbermánuði.

Málskostnaður falli niður.

Laugardaginn 14. desember 1940.

Nr. 4/1939. **Alþýðusamband Íslands f. h. Verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði**

gegn

Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Íshúsfélags Ísfirðinga.

Deilt um það, hvort tiltekin vinna á Ísafirði falli undir ákvæði kjarasamnings um út- og uppskipunarvinnu.

Dómur.

Í samningi milli verklýðsfélagsins Baldurs á Ísafirði og atvinnurekenda þar, dags. 21. maí 1938, segir í 1. gr. e-lið, að kaup karla skuli vera: „Við alla upp- og útskipun nema

losun fiskskipa í dagvinnu kr. 1.55 á klst.". En dagvinna skal annars greiðast með kr. 1.30 pr. klst. Íshúsfélag Ísfirðinga hefir með höndum hraðfrystingu fisks. Þegar hann er fluttur burt úr húsum félagsins til skips, er tilhögun vinnunnar sú, að hinn hraðfrysti fiskur, sem yfirleitt er í kössum, er tekinn úr hlöðum í íshúsinu. Kössunum er síðan staflað á lausa hlera á flutningabílum. Þegar bílarnir koma að skipshlið, er krók skipsvinduvírsins krækt í hlerana og þeir fluttir um borð í skipið með kössunum á. Er ágreiningurinn í máli þessu um það, hvort verkamönnum þeim, er vinna að því að setja kassana á bílana í frystihúsinu, beri kr. 1.55 um klukkustund eða hvort þeir eigi aðeins að fá kr. 1.30 um klst.

Stefnandi, Alþýðusamband Íslands f. h. verklýðsfélagsins Baldurs, sem hefir höfðað mál þetta með stefnu, dags. 10. maí f. á., gerir þær dómkröfur, að stefndi, Vinnuveitendafélags Íslands f. h. Íshúsfélags Ísfirðinga, verði skyldaður til þess, að greiða samkv. e-lið 1. gr. framannefnds samnings fyrir þá vinnu, að setja fiskassana á bifreiðarnar, svo sem lýst er hér að framan, kr. 1.55 um klst. Miðar hann dómkröfu sína við 1. desember 1938 eða síðari tíma, eftir mati dómsins, og krefst viðurkenningar á þessari skyldu stefnda til þess að greiða samkvæmt ofangreindum e-lið 1. gr. fyrir nefnda vinnu meðan samningurinn frá 21. maí 1938 er í gildi. Þá krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans, eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að skylda stefnda til greiðslu samkvæmt nefndum samningslið, yrði aðeins talin gilda frá dómsuppsögn.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að vinnan við að setja kassana á bílana sé útskipunarvinna, og beri því að greiða fyrir hana samkvæmt því. Sé það föst venja á Ísafirði, og enda samningsbundið, að greiða slíka vinnu sem þessa með útskipunarkaupi. Þetta hafi stefndi líka viðurkennt með því að greiða þannig fyrir þessa vinnu, bæði fyrir og eftir 21. maí 1938, þar til í nóvember 1938. En þá hafi hann fyrst kippt að sér hendinni með þessar greiðslur.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að vinna sú, er hér um ræðir, sé ekki útskipunarvinna, og sé hann því ekki skuldbundinn til þess að greiða fyrir hana nema venjulegt

dagvinnukaup, kr. 1.30 pr. klst. Telur stefndi, að því aðeins gæti hér verið um útskipunarvinnu að ræða, að hann annaðist alla vinnu við flutning fiskkassana úr húsi og til þess, er þeim væri komið fyrir í skipinu. Heldur hann því eindregið fram, að venjan sé einmitt sú á Ísafirði, að það sé ekki talin útskipunarvinna þar, þegar sendandi vöru hefir ekki önnur afskipti af flutningi hennar til skips en að setja hana á bíl eða vagn í húsi eða á geymslustað. Hafi það verið án vitundar forráðamanna stefnda, að starfsmönnum hans var greidd nefnd vinna með útskipunarvinnukaupi þrisvar sinnum sumarið 1938, og hafi því verið hætt undir eins og gjaldkeri félagsins veitti þessum greiðslum eftirtekt.

Samningur málsaðilja frá 21. maí 1938 inniheldur ekki neina skilgreiningu á því, hvað sé upp- eða útskipunarvinna. En af vottorðum þeim, sem lögð hafa verið fram frá ýmsum fyrirtækjum á Ísafirði, er ljóst, að sú venja ríkir þar, að það skuli talin útskipun, þegar sami aðili annast flutning vöru úr húsi eða geymslustað og um borð í flutningaskip og hleðslu þar. Er þá greitt fyrir vinnuna með skipavinnukaupi, eins og hærra kaupgjaldið er þar nefnt, hvort sem um vinnu í skipi er að ræða eða vinnu við hleðslu bíla eða vagna í geymsluhúsi eða geymslustað. Eru aðiljar og sammála um þetta. Aftur á móti eru skiptar skoðanir um það, hver venjan sé, þegar svo stendur á, sem um ræðir í máli þessu, að einn aðili sér um flutning vöru að skipshlið, eða aðeins hleðslu hennar á flutningatæki í geymsluhúsi eða geymslustað, en annar sér um að koma henni um borð í skip og hleðslu hennar þar. Í máli þessu hafa 5 atvinnurekendur á Ísafirði vottað, að það væri venja þar, að greiða aðeins venjulegt dagkaup, þegar svo stæði á sem hér, að útflytjandi vöru kæmi henni aðeins að skipshlið. En 2 atvinnurekendur kveðast fylgja þeirri venju að greiða skipavinnukaup fyrir það að setja vörur á bíla eða vagna á geymslustað, þó þeir sjái aðeins um flutning hennar að skipshlið. Tjáir annar þessara tveggja sig hafa fylgt þessari reglu frá árinu 1928, en hinn frá 1936, en til þess tíma hafi mjög sjaldan verið um slíka vinnu að ræða hjá sér. Loks hefir einn atvinnurekandi gefið vottorð um þetta atriði, en vitnisburður hans er ekki svo ljós að séð verði með öruggri vissu, hvaða reglu hann hefir fylgt um þetta. Í eldri samningum milli verklýðsfélagsins og atvinnurekenda þarna er ekki að finna skilgreiningu á

þessu atriði, sem hér er deilt um. Það er því ekki hægt að byggja greiðsluskyldu stefnda á því einu, að föst og almenn venja hafi myndazt um það, að telja það útskipun, þegar svo stendur á, sem í máli þessu getur. Kemur þá til athugunar, hvort stefndi hefir á annan hátt bundizt skyldu til þess að greiða framangreinda vinnu samkvæmt e-lið 1. gr. samningsins frá 21. maí 1938. Gjaldkeri Íshúsfélagsins hefir í málarekstri þessum upplýst, að félagið hafi fyrir 21. maí 1938 greitt útskipunarkaup fyrir vinnu þá, er um ræðir í máli þessu, en þá um skeið virðast ekki hafa verið gerðir sérstakir samningar milli stefnanda máls þessa og atvinnurekenda á Ísafirði. Þá er það og upplýst í máli þessu, að eftir 21. maí 1938 greiddi stefndi strax útskipunarkaup fyrir framangreinda vinnu, og telur gjaldkeri félagsins, að svo hafi verið um þær útskipanir, er áttu sér stað mánuðina júní til október 1938, að þeim meðtöldum. Með tilliti til þess, að stefndi hafði þegar fyrir 21. maí 1938 greitt útskipunarkaup fyrir samskonar vinnu og þá, er hér ræðir um, og hélt áfram þeirri reglu fyrirvaralaust fyrstu mánuðina eftir að nefndur samningur var gerður, mátti stefnandi ganga út frá því, að það greiðslufyrirkomulag skyldi gilda hjá Íshúsfélaginu meðan samningurinn væri í gildi, og það því fremur, sem tvö önnur fyrirtæki á staðnum fylgdu þá þessari reglu og höfðu fylgt henni undanfarin ár, annað frá 1928 en hitt frá 1936, eins og að framan greinir. Það verður því að taka til greina þá kröfu stefnanda, að stefnda sé skylt að greiða fyrir vinnu þá, sem um er deilt í máli þessu og að framan er lýst, samkvæmt e-lið 1. gr. samningsins frá 1938, meðan hann er í gildi milli málsaðilja.

Stefndi hefir gert þá varakröfu, að greiðsluskylda hans miðist við seinni tíma en 1. des. 1938. Útskipanir á hraðfrystum fiski frá stefnda fóru fram 26. nóv. og 10. des. 1938, og er það þá, sem hann greiðir almennt dagkaup fyrir að setja kassana á bílana. Síðan mun ekki hafa verið fluttur út fiskur frá stefnda fyrr en seint í febrúar 1939. Hinn 20. febrúar 1939 kvartar stefnandi yfir þessu við stefnda og krefst leiðréttingar. Og hinn 27. s. m. svarar stefndi og neitar að hafa í nokkru brotið gerða samninga. Ekki er upplýst, að óhæfilegur dráttur hafi á því orðið, að stefnandi kæmi fram með aðfinnslur sínar, eftir að honum var orðið kunnugt um, að stefndi greiddi lægra kaupið, enda líða þarna svo

fullir tveir mánuðir, að enginn útflutningur á sér stað frá stefnda. Það er hins vegar aðfinnsluvert, að stefnandi skuli draga það frá 27. febrúar til 10. maí 1939 að framfylgja kröfu sinni til dóms, úr því að hann kaus að fara þá leiðina. En ekki þykir þó, eins og hér stendur á, ástæða til þess, að láta það varða missi réttinda til útskipunarvinnukaups á þessu tímabili, enda er hér um einstök tilfelli að ræða en ekki samfellda vinnu. Þykir því mega miða greiðsluskyldu stefnda að þessu leyti við 1. des. 1938, svo sem stefnandi hefir krafizt.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Á máli þessu hefir orðið allmikill dráttur. Stafar hann að verulegu leyti af því, að allra gagna hefir orðið að afla vestur á Ísafirði, og hafa þar oftsinnis farið fram vitnaleiðslur í því. Í janúarmánuði þ. á. fór fram munnlegur málflutningur í máli þessu, en að honum loknum óskaði rétturinn eftir frekari upplýsingum. Stefnandi hafði þá frest í málinu til frekari gagnasöfnunar frá 16. jan. til 14. maí þ. á., og svo síðar frá 11. júní til 17. september þ. á. Þessir löngu frestir stefnanda hafa ekki verið nægilega réttlættir og verður að átelja drátt þennan. Loks hefir orðið nokkur dráttur á því, að mál þetta yrði nú flutt munnlega vegna veikinda umboðsmanns stefnda.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, Íshúsfélag Ísfirðinga, skal greiða samkvæmt e-lið 1. gr. samningsins frá 21. maí 1938, fyrir þá vinnu, þegar fiskkössum er hlaðið á flutningatæki í húsi hans til útflutnings, svo sem að framan greinir, og um er deilt í máli þessu. Skal þessi greiðsluskylda stefnda gilda frá 1. desember 1938.

Málskostnaður falli niður.